

Ísbrjótur og leiðarljós

Ísbrjótur eru skref fyrir skref leiðbeiningar sem styðja nemendur í að þróa með sér samræðuhæfileika og færni við að sýna virðingu í samskiptum. Það getur verið gagnlegt að prenta þær á lítil kort eða fána og gefa nemendum þá til að nota þegar samræður fara fram í kennslustofunni.

Ísbrjótur:

- Mér held/mér finnst
- Ég er ósammála því að ...
- Í tengslum við.....
- Hvað fær þig til að segja að...?
- Hvað áttu við með ...?
- Hvað sérð þú....?

Leiðarljós í kennslustofunni

Það getur verið mjög gagnlegt að útbúa eins konar leiðarljós sem hægt er að styðjast við þegar samræður eða samskipti eru æfð innan kennslustofunnar. Það veitir nemendum stuðning í að þroska með sér samræðuhæfni sem og við að sýna virðingu í samskiptum.

Dú getur sem kennari lagt fram einhvers konar leiðarljós eða samið þau með bekknum. Styðjast má við aðferðina sem boðið er upp á í námsþættinum „Að tryggja kurteislegar samræður”.

Hér eru góð dæmi fyrir nemendur um leiðarljós í samskiptum:

- **Ég ber virðingu fyrir** hugmyndum annarra(engan hlátur, ...)
- Ég gef öllum færi á að tjá sig.
- **Ég hlusta** gaumgæfilega og sýni það í verki (kinka kolla,...)
- Ég tjái skoðun mína **Ég spyr spurninga.**
- **Ég byggji ofan á** skoðanir annarra.
- **Ég dreg saman með eigin orðum það sem fram hefur komið (til að sannreyna sameiginlegan skilning)**
- **Ég er fær um að skipta um skoðun**

Kryggaðu samskiptin! Leiðarljós til að spyrja börn áhrifaríkra spurninga

- Spyrðu opinna spurninga (Hvorki já/nei spurninga, það er ekkert rangt eða rétt svar, né leiðandi spurninga sem kalla fram tiltekin svör).
- Ögraðu hugsunarhætti þeirra.
- Dragðu saman og um orðaðu svör þeirra (í því miði að sannreyna skilning og gefa þeim færi á að hugleiða nánar).
- Kafaðu dýpra með því að spyrja spurninga af einskærri forvitni.

Vinnuefni - samræðum og samskiptum

Dæmi um spurningar:

- Ertu sammála, ósammála eða hefurðu efasemdir um þetta? Hvers vegna? Hvernig myndirðu útskýra...? Hvernig lætur þetta þér líða? Hvernig tengirðu/tengjum við við þetta?
- Hvað nákvæmlega á hún/hán/hann eða eiga /þeir/þær/þau við með...?
- Hvern snertir þetta? Hvað ætli hann/hún/hán eða þeir/þær/þau upplifi í tengslum við....?
- Hvað fær þig til að segja þetta...? Geturðu útskýrt hvers vegna/hvernig...?
- Hvað lærðir þú af...? Hvernig staðfesti það fyrir þér/styrkti hugmynd þína / fékk þig til að skipta um skoðun/breytti tilfinningu þinni varðandi....?
- Hvað fær....þig til að hugsa um? Hvað fær....þig til að velta fyrir þér? Hvaða spurningar vekur....? Hvað langar þig til að vita eða læra meira um?

Leiðarljós fyrir samræður á netinu

Á netinu er að finna ákveðin viðmið, gildi og reglur fyrir samskipti rétt eins og í raunheimum og eru þau í daglegu tali nefnd netsiðir (e. Netiquette). Kurteisi á netinu! Kurteisi á netinu vísar til óskrifðra reglna um hvernig á að koma fram á netinu. Það þarf ekki að vera svo mikill munur milli þeirra leiðarljósa sem vísa veginn í raunheimum og á netinu, en þó eru sum þeirra nokkuð sértæk.

Þegar nemendur eiga í samskiptum á netinu er gott að hafa nokkur leiðarljós til hliðsjónar svo sem að vera vingjarnlegur og að svara skilaboðum á jákvæðan og hjálplegan hátt.

Ekki blóta eða nota dónalegt orðbragð í samskiptum á netinu. Hugsaðu þig vandlega um áður en þú birtir efni!

- Er inntakið í færslunni skýrt? Er það sem ég segi eða birti á einhvern hátt opið fyrir misjafna túlkun?
- Sýni ég samhygð? Tekur færslan mín mið af tilfinningum annarra og því sem aðrir kunna að vera viðkvæmir fyrir?
- Þarf ég nauðsynlega að birta þetta? Er ég örugglega ekki að leggjast lágt með því að birta hluti sem hafa enga þýðingu en geta skaðað orðspor einhvers?
- Horfi ég gagnrýnum augum á færslurnar mínar áður en ég birti þær? Renndu vel þau atriði sem hér eru talin upp í samhengi við innihald og ásjón færslanna.